

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 11 – 2022

Staður: Hvanneyri og Teams

Tími: Þriðjudagur 6. des 2022 kl. 09:00

Fundinn sátu: Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (stýrir fundi), Daði Már Kristófersson, Þorvaldur Ragnar Þorbjarnarson, Lilja Björg Ágústsdóttir, Haukur Þórðarson, Þóranna Jónsdóttir (Teams) og Jóhannes Sveinbjörnsson (Teams).

1. Fjárlagafrumvarp og fjármálaáætlun. Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir 144 milljóna króna halla að óbreyttum fjárlögum. Fundað hefur verið með starfsmönnum ráðuneyta til að fara yfir mögulegar lausnir á þessum vanda en ennþá hefur aðeins 15 milljóna leiðréttingu verið náð. Mikið vantar því enn á að ná ásættanlegri lausn, einkum hvað varðar frágang mála er tengjast Reykjum. Háskólaráð felur rektor að fylgja þessum málum eftir með bréfi til háskólaráðherra.

2. Samantekt gæðaúttektarnefndar: Bréf hefur borist frá gæðaúttektarnefndinni með frumniðurstöðum sem eru mjög jákvæðar í garð Lbhí. Nefndin var mjög ánægð með þær viðtökur sem hún fékk, skýr og greinargóð svör frá hinum ólíku hópum sem rætt var við. Lokaskýrsla er væntanleg á vorönn.

3. Siðareglur Lbhí- kynning og umræða.

Daði Már sem lengi hefur setið í siðanefnd Lbhí ræddi fyrirbyggjandi drög að siðareglum sem núverandi siðanefnd Lbhí hefur unnið að endurskoðun á. Hann taldi mikilvægt að fyrirbyggjandi drög fari nú í umræðu og kynningu meðal starfsmanna og nemenda, til dæmis á háskólafundi. Drögin eru í einhverjum atriðum frábrugðin siðareglum HÍ, heldur lögfræðilegri, sem er bæði kostur og galli, en grunnatriðin sem reglurnar taka á eru þó sambærileg. Ákveðið að fara að huga að slíkri kynningu.

4. Mannauðsstefna – kynning og umræða.

Drög að mannauðsstefnu voru rædd. Þóranna benti á að gott væri að hafa sérstakan punkt um að styðja starfsmenn til árangurs. Einnig var bent á að hvetja þurfi starfsmenn til að auka stöðugt þekkingu sína (ekki bara viðhalda henni). Jafnframt var rætt mikilvægi þess að hafa skýrt verklag við að koma nýjum starfsmönnum inn í verkferla og kerfi.

5. Uppfærðar reglur um gjaldskrá Lbhí: voru samþykktar án athugasemda.

6. Mál til kynningar og gleðileg jól

Fimm umsóknum í Samstarfssjóð háskólanna sem Lbhí leiddi var skilað í gær, auk ellefu sem skólinn kemur að í samstarfi við aðra. Ragnheiður gerði grein fyrir þessum umsóknum, sagði líka frá nokkrum áformuðum umsóknum sem var ákveðið að fresta til næsta umsóknarfrests sem verður í vor.

Daði Már benti á að fjármunir í þessi verkefni eru teknir af rekstrarframlögum til háskólanna. Þetta minnkar svigrúm stofnananna til að sinna sínum lögbundnu verkefnum. Rætt var mikilvægi þess að fá skýra framtíðarsýn frá stjórnvöldum um hvernig þau hugsa sér að móta þessa umgjörð til framtíðar.

Fundi slitið kl. 10.34